

#### 4. FORVARNIR GEGN SYKURSÝKI 2 HJÁ EINSTAKLINGUM MEÐ SKERT SYKURÞOL

Virkar lífsstílsbreytingar minnka hættu á sykursýki af tegund 2 hjá einstaklingum með skert sykurþol um helming og hafa í það minnsta jafnmikil áhrif og lyfjameðhöndlun. Sjá samantekt að neðan.<sup>1</sup>

Hins vegar skortir frekari rannsóknir á áhrifum á dánartíðni og þróun fylgikvilla svo og á hagkvæmni slíkra forvarna. Þangað til þær hafa verið gerðar er líkast til mikilvægast að meðhöndla þessa einstaklinga í samræmi við 10 ára kransæðaááættu þeirra.<sup>2</sup>

Jákvæð áhrif lífsstílsbreytinga og lyfja á þróun SS2 hjá SSP:				
Rannsóknarígríp:	Hazard ratio	95% CI	NNT	95% CI
Mataræði	0,67	0,49-0,92		
Hreyfing	0,49	0,32-0,74		
Mataræði og hreyfing	0,49	0,40-0,59		
Lífsstíll samanlagt	0,51	0,44-0,60	<b>6,4</b>	5-8,4
Sykursýkislyf*	0,7	0,62-0,79	<b>10,8</b>	8,1-15,0
Megrunarlyf: Orlistat	0,44	0,28-0,69	<b>5,4</b>	4,1-7,6

\* Rannsóknir með metformín og acarbósa voru þær einu sem sýndu marktæk jákvæð áhrif

Einnig sýndi DREAM marktæka minnkun á tíðni sykursýki af tegund 2 hjá einstaklingum með skert sykurþol og/eða hækkaðan fastandi sykur, sem fengu rósíglítazón. Hazard ratio reyndist 0,38 (CI 0,33-0,44).<sup>3</sup>

Hins vegar var einnig marktækt aukin tíðni hjartabilunar í rósíglítazón-hópnum. Einnig er enn óvíst hvort rósíglítazón hindrar í raun þróun sykursýki 2 eða lækkar aðeins sykurrinn hjá einstaklingum sem eru nýkomnir með sykursýki af tegund 2.<sup>4</sup>

#### Heimildir og itarefni:

1. Gillies CL, Abrams KR, Lambert PC, Cooper NJ, Sutton AJ, Hsu RT, et al. Pharmacological and lifestyle interventions to prevent or delay type 2 diabetes in people with impaired glucose tolerance: systematic review and meta-analysis. *BMJ* 2007;334(7588):299-. [Tengill](#)
2. Lauritzen T, al e. Is prevention of Type-2 diabetes feasible and efficient in primary care? A systematic PubMed review. *Primary care Diabetes* 2007;1(1):5-11. [Tengill](#)
3. Gerstein HC, Yusuf S, Bosch J, Pogue J, Sheridan P, Dinccag N, et al. Effect of rosiglitazone on the frequency of diabetes in patients with impaired glucose tolerance or impaired fasting glucose: a randomised controlled trial. *Lancet* 2006;368(9541):1096-105. [Tengill](#)
4. Heneghan C, Thompson M, Perera R. Prevention of diabetes. *Bmj* 2006;333(7572):764-5. [Tengill](#)

